

Ársskýrsla Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands 2020

Stjórn og starfsmenn

Stjórn Sagnfræðistofnunar var á árinu 2020 skipuð eftirtöldum: Guðmundur Jónsson prófessor, forstöðumaður, Sumarliði R. Ísleifsson lektor, Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor og Bragi Þorgrímur Ólafsson, fagstjóri handritasafns Landsbókasafns, sem fulltrúi doktorsnema. Kjörtímabil stjórnarmanna er þrjú ár og lýkur kjörtímabili Guðmundar og Sumarliða 2021 en Braga 2023. Steinunn óskaði lausnar frá stjórnarsetu 3. mars 2021 vegna stofnunar Rannsóknastofu í fornleifafræði. Stjórnin hélt fimm fundi á árinu 2020.

Forstöðumaður er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar. Hann er jafnframt formaður Landnefndar sagnfræðinga en auk hans situr í henni Sumarliði R. Ísleifsson fyrir Sagnfræðistofnun. Ragnheiður Kristjánsdóttir er landsritstjóri *Scandinavian Journal of History*.

Sigurður Gylfi Magnússon er formaður stjórnar Miðstöðvar einsögurannsóknna sem er hluti Sagnfræðistofnunar. Hann situr einnig fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu, varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands og fulltrúi stofnunar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar.

Félagar

Fornleifafræði (til janúar 2021): Gavin Murray Lucas prófessor; Orri Vésteinsson prófessor; Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor.

Sagnfræði: Erla Hulda Halldórsdóttir prófessor, Guðmundur Hálfðanarson prófessor, Guðmundur Jónsson prófessor, Kristjana Kristinsdóttir lektor, Már Jónsson prófessor, Ragnheiður Kristjánsdóttir prófessor, Sigurður Gylfi Magnússon prófessor, Sverrir Jakobsson prófessor, Valur Ingimundarson prófessor og Viðar Pálsson dósent.

Hagnýt menningarmiðlun: Sumarliði R. Ísleifsson lektor.

Prófessorar emeriti í sagnfræði: Anna Agnarsdóttir, Helgi Þorláksson, Ingi Sigurðsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead.

Sérfræðingur hjá Sagnfræðistofnun: Árni Daníel Júlíusson.

Doktorsnemar: Anna Heiða Baldursdóttir, Björn Reynir Halldórsson, Bragi Þorgrímur Ólafsson, Dalrún Jóhannesdóttir, Hrafnkell Lárusson, Joe Wallace Walser, Pontus Erik Gunnar Jarvstad, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, Sylvia Bates.

Stofnun Rannsóknastofu í fornleifafræði

Námsbraut í fornleifafræði hefur um nokkurt skeið óskað eftir því að hætta aðild að Sagnfræðistofnun og koma á fót eigin stofu innan Hugvísindastofnunar. Stjórn Hugvísindastofnunar féllst á hugmyndina og var hún formlega afgreidd í janúar 2021 með samningi um fyrirkomulag nýrrar stofu eftir að fornleifafræðin hefur sagt skilið við Sagnfræðistofnun. Inntak samningsins er að Rannsóknastofa í fornleifafræði mun heyra formlega undir Sagnfræðistofnun en verða sjálfstæð og með aðskilin fjárhag. Hugvísindastofnun mun leggja Rannsóknastofunni til fé á sama hátt og öðrum stofnunum, þ.e. á grundvelli þess hve mikilla mótframlaga vegna rannsóknastyrkja fornleifafræðin aflar. Auk þess mun Hugvísindastofnun leggja rannsóknastofunni til fasta árlega upphæð (tryggingu) í hlutfalli við fjölda akademískra starfsmanna sem eiga aðild að stofunni.

Stjórn Sagnfræðistofnunar samþykkti þennan samning á fundi sínum 20. janúar 2021 enda þótt ljóst sé að þetta fyrirkomulag muni þýða nokkra tekjuskerðingu fyrir stofnunina. Fornleifafræðingar byrjuðu að vinna innan ramma Rannsóknastofu í fornleifafræði í ársbyrjun 2021 en formleg stofnun dróst fram á árið.

Rannsóknir kennara

Anna Agnarsdóttir vann að útgáfu tveggja bóka, önnu er um minningar Guðrúnar Borgfjörð og hin um konunga Íslands. Hún birti ritgerð um Joseph Banks í *Journal of Maritime Research* og um James Cook og Joseph Banks í franska tímaritinu *Astrolabe*. Hún hélt fyrirlestur í Sorbonne Universit . Anna var fr deilegur ritstj ri b karinnar *  fjarlægum str ndum. Tengsl Sp nar og  slands   t mans r s*.

Erla Hulda Halld rsd ttir vann að rannsóknarverkefninu „  kj lfar kosningar ttar. F lags- og menningars guleg rannsókn   konum sem p l t skum gerendum 1915–2015“. H n er me h fundur og einn ritstj ra b karinnar *Konur sem kj sa. Aldarsaga*. Erla Hulda skrifa i grein um sendibr f   *The Palgrave Handbook of Auto/Biography* og grein um fors dumynd haustheftis *S gu*. H n flutti tvo fyrirlestra, annan   Reykolti   Borgarfir i og hinn   m lþingi F lags um 18. aldar fr  i.

Gu mundur H lf anarson t k þ tt   rannsóknarverkefninum „Size Matters! Towards a New Research Agenda for Small State Studies, 1814-present day“ og „Post-Truth Politics: Nationalism and the (De) Legitimation of European Integration“. Gu mundur skrifa i kafla og er me h fundur     rum   tveggja binda verkinu *Denmark and the New North Atlantic*.

Narratives and Memories in a Former Empire (háskólaforlagið í Árósum) og gaf að auki út tvær stuttar greinar í *Sögu* og afmælisrit. Hann flutti fyrirlestra í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Guðmundur Jónsson stýrði verkefninu „Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins“ (Rannsóknasjóður Rannís). Hann birti bókarkafla um Páll Briem og nýju félagsmálapólitíkina í *Hugmyndaheimur Páls Briem*; grein um Gísla Gunnarsson prófessor í tímaritinu *Sögu*; og kafla um vinnu karla og kulnun í starfi í bókinni *Pegar karlar stranda – og leiðin í land*. Guðmundur flutti einn fyrirlestur á Hugvísindapíngi.

Már Jónsson tók sem fyrr þátt í rannsóknaverkefninu „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking“. Hann gekk frá gagnagrunni um eftirlátnar eigur fólks á 18. og 19. öld sem Þjóðskjalasafn vistar á slóðinni <danarbu.skjalasafn.is>. Már gaf út eina bók með Kára Bjarnasyni: *Reisubók séra Ólafs Egilssonar og aðrir textar um Tyrkjaránið 1627*. Hann birti grein um Sæmund Hólm í tímaritinu *Scripta Islandica*, aðra um Spánverjavíg í íslensku greinasafni og þriðju um galdramál í *Skagfirðingabók*. Hann skrifaði ritdóm í *Sögu* og hélt fyrirlestra við alþýðu hæfi í Reykjavík.

Ragnheiður Kristjánsdóttir tók þátt í einu íslensku rannsóknaverkefni, „Í kjölfar kosningaréttar“ (Rannsóknasjóður Rannís), og tveimur norrænum verkefnum, annars vegar „Street Politics 1870–1940“ og hins vegar „Voting Restrictions in the Nordic Countries“ sem er styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Ragnheiður er meðhöfundur og einn ritstjóra bókarinnar *Konur sem kjósa. Aldarsaga* (Sögufélag).

Sigurður Gylfi Magnússon stjórnar öndvegisverkefni Rannís „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningarafur og merking. Sigurður Gylfi er einn af fimm stjórnendum öndvegisverkefnisins „Fötlun fyrir tíma fötlunar“ sem styrkt er af Rannís. Þá er hann annar tveggja stjórnenda nýs rannsóknarverkefnis sem styrkt er af Rannís og nefnist „Bíbí in Berlín“. Sigurður Gylfi gaf út bókina *Emotional Experience and Microhistory* (Routledge) og birti grein um ævisöguritun og sjálfsbókmenntir í bókinni *Different Lives*. Sigurður Gylfi er einn af ritstjórum Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar og voru tvær bækur gefnar út á árinu. Hann er meðritstjóri í alþjóðlegri bókaröð, *Microhistories* (Routledge). Tvær bækur voru gefnar út á árinu.

Sumarliði R. Ísleifsson gaf út bókina, *Í fjarska norðursins. Ísland og Grænland. Viðhorfasaga í þúsund ár* og fékk verkið íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita. Þá

birti Sumarliði ritdóma og greinar á innlendum og erlendum vettvangi og tók einnig þátt í ráðstefnum á árinu, m.a. í Færeyjum.

Sverrir Jakobsson vann að tveim rannsóknarverkefnum, „The Legends of the Eastern Vikings“ (Rannsóknasjóði Rannis), og „Saga Breiðfirðinga 1400-1720“ (Rannsóknasjóður háskólakennara). Hann gaf út bókina *The Varangians. In God's Holy Fire* (Palgrave Macmillan). Sverrir birti þrjár greinar í gbókum og tímaritum: um stjórnsmál og hirðmenningu á Íslandi í *La matière arthurienne tardive en Europe, 1270-1530*; um væringja í *VTU Review*; og um Gunnar Karlsson í tímaritinu *Sögu*.

Valur Ingimundarson tók þátt í starfi í nokkurra rannsóknarnetverka/-stofnana, þar á meðal ReNEW („Reimagining Norden in an Evolving World“), EDDU, New Nordic Network on Arctic Security Strategy, MAREC (Arctic Security and Preparedness Network), sem og rannsóknaverkefnum um lýðræðislega stjórnarskrágerð (Rannsóknasjóður Rannis) og alþjóðastjórnsmál og öryggismál (RUSI). Hann var meðritstjóri bókarinnar *Liberal Disorder, States of Exception, and Populist Politics*, auk þess sem hann skrifaði inngang og birti þar kafla hægri populisma. Hann hélt erindi á ráðstefnum í Newport í Bandaríkjunum og Turda í Rúmeníu.

Viðar Pálsson dvaldi í Róm á síðasta ári í rannsóknaleyfi við L'istituto di Norvegia og sinnti einkum rannsóknum á réttarsögu.

Útgáfa

Ritgerðasafnið *Hugmyndaheimur Páls Briem* kom út í ritröðinni Sagnfræðirannsóknir í maí undir ritstjórn Ragnheiðar Krisjánsdóttur og Sverris Jakobssonar. Í undirbúningi er bók Marie Simon Thomas, *Íslandsferðir Hollendinga á 17. og 18. öld* í þýðingu Leos J.W. Ingasonar. Anna Agnarsdóttir og Helgi Þorláksson ritstýra verkinu. Sagnfræðistofnun fékk 200.000 kr. styrk frá Miðstöð íslenskra bókmennta til útgáfunnar.

Sagnfræðistofnun var meðútgefandi að bók Daniel Chartier, *Hvað eru „Ímyndir norðursins“? Siðfræðileg álitamál*. Chartier er kanadískur prófessor við Québec háskóla í Montreal sem Sumarliði R. Ísleifsson hefur verið í rannsóknasamstarfi við. Engin útgjöld mun fylgja þessu verkefni fyrir Sagnfræðistofnun.

Samið var við Forlagið um að bækur Sagnfræðistofnunar yrðu til sölu á vef þess og komst það til framkvæmda í lok árs 2020. Söluátakið hefur borið nokkrn árangur og hafa um 70 bækur verið seldar með þessum hætti.

Ráðstefnur, málþing, fyrirlestrar og hlaðvarp

Vegna kórónafaraldursins frestuðust eða féllu niður fyrirlestrar og málþing sem ráðgerð voru á vegum eða með þátttöku Sagnfræðistofnunar. Nokkur vinna var aftur á móti lögð í undirbúning fimmta Söguþings í samvinnu við Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga. Paula Hamilton, prófessor við University of Technology í Sídney hafði þegið boð um að halda Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar 2020 en vegna faraldursins var ákveðið að fella fyrirlesturinn undir Söguþingið. Þar sem Söguþingi hefur verið frestað til maí 2022 verður ekkert af Minningarfyrirlestri Jóns Sigurðssonar fyrir en þá. Fjáröflun vegna Söguþings gengur þokkalega, hefur Sagnfræðistofnun lagt fram 700 þús. kr. og heitið frekara framlagi. Norræna sagnfræðingahúsinu hefur verið frestað til 2022 en fyrirhugað er að Íslendingar haldi næsta þing þar á eftir sem verður væntanlega 2025.

Bryddað var upp á þeirri nýjung að koma á fót hlaðvarpi í samstarfi við þrjú nemendur í BA-námi, Steinunni Sigprúðardóttur Jónsdóttur, Þórhildi Elísabet Þórsdóttur og Bergdís Klöru Marshall. Hlaðvarpið ber heitið *Baðstofan* og fékkst styrkur að fjárhæð 1,8 millj. kr. úr Nýsköpunarsjóði til að fjármagna vinnu nemenda. Sagnfræðistofnun sér hlaðvarpið sem tilraun til að skapa nýstárlegan vettvang fyrir miðlun sagnfræði til almennings með áherslu á lifandi og aðgengilega umfjöllun. Hlaðvarpinu er miðlað á flestum helstu streymisveitum og fjalla þættirnir um rannsóknir kennara og nemenda þar sem leitast er við að tengja þær við áleitinn samtímamálefni. Ráðgert er að þættirnir verði þrettán talsins en í árslok 2020 höfðu fimm þættir verið birtir. Umsjónarmenn verkefnisins eru Guðmundur Jónsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Sumarliði R. Ísleifsson.

Ýmis verkefni

Undirbúningur vegna 50 ára afmælis Sagnfræðistofnunar 2021 hélt áfram á árinu. Jakob Snævar Ólafsson var fenginn til að skrifa MA-ritgerð um sögu stofnunarinnar, starfsemi og rannsóknir. Gerður var samningur við Landsbókasafn – Háskólabókasafn um sögusýningu í Þjóðarbókhöllu sem opnuð verður 1. september 2021. Þá fékk Sagnfræðistofnun samþykktar tvær málstofur á væntanlegu Söguþingi, aðra um sagnfræði innan múra Háskólans og hina um miðlunarsögu.

Umsjón með bókasafni, gagnasöfnum og Söguslóðum er fastur liður í starfseminni. Sagnfræðistofnun fékk styrk frá Vinnumálastofnun til að ráða námsmann til sumarstarfa og var Þórhildur Helgudóttir fengin til að flokka og slá inn gögn í gagnasafnið Íslandssögu í greinum og nýskrá bækur í bókasafnið. Urður Egilsdóttir var ráðin til að uppfæra Söguslóðir og gagnasafnið Lokaritgerðir í sagnfræði. Georg Gylfason aðstoðaði forstöðumann við frágang

bókalagers og undirbúning við sölu bóka á vef Forlagsins. Stærstum hluta af bókalager hefur verið komið fyrir á jarðhæð Árnagarðs, hinn hlutinn er hjá Háskólaútgáfu.

Vinnu íðorðanefndar miðaði hægt áfram á árinu. Brynhildur Ingvarsdóttir setti inn færslur í gagnasafn samkvæmt sniðmáti frá Árnastofnun. Að lokinni þeirri vinnu mun nefndin fara yfir verkið og afraksturinn síðan sendur til kennara til skoðunar. Brynhildur stefnir að því að ljúka stærstum hluta verkefnis síns vorið 2021.

Fjármál

Fjárhagur Sagnfræðistofnunar stóð traustum fótum á árinu 2020. Í árslok voru 4.826.407 kr. inni á reikningi hennar, sem er lækkun um rúmar 1,8 millj. kr. frá fyrra ári. Lækkunin stafar aðallega af 2 millj. kr. greiðslu inn á útgáfureikning (viðskiptareikning við Háskólaútgáfu) þar sem stofnunin var komin í mikla skuld við Háskólaútgáfu. Inneign vegna *Scandinavian Journal of History* er 2.747.863 kr. Hrein eign Sagnfræðistofnunar í árslok er 5.664.580 kr.

Rétt er að geta þess að innstæðum á reikningi *Scandinavian Journal of History* ber að verja til verkefna sem heyra undir Landsnefnd sagnfræðinga, þ.e. alþjóðleg samskipti íslenskra sagnfræðinga, enda er nefndin aðili að samningi eigenda *SHJ* og Taylor & Francis Group frá 2009, þótt Sagnfræðistofnun hafi annast framkvæmd þessa samnings. Í minnisblaði Guðmundar Jónssonar, „Fjármál Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga“, dags. 16. apríl 2021, er gerð grein fyrir fjármálum Landsnefndar og sett fram tillaga um skýrari reglur um fjárreiður og úthlutun fjár af þessum reikningi.

Tekjur Sagnfræðistofnunar námu alls 3.189.056 kr., sem er svipuð upphæð og árið á undan. Fjárveiting frá Hugvísindastofnun var 1.764.993 kr. en aðrar tekjur eru styrkir til verkefna og útgáfustarfs. Hæstur er styrkur frá Vinnumálastofnun vegna sumarvinnu nemanda, styrkur frá verslunarsöguverkefninu til útgáfu *Onze Ijslandsvaarders* og styrkur frá Miðstöð íslenskra bókmennta vegna bókarinnar *Af hverju strái*.

Útgjöld Sagnfræðistofnunar námu 1.902.110 kr., ívið lægri en árið á undan enda féllu fyrirlestrar og ráðstefnur niður. Stærstu útgjaldaliðir voru 700.000 kr. styrkur til fimmta Sögupings, 683.556 kr. vegna útgáfu á *Historical Account of a Revolution*, 500.000 kr. styrkur til kennara og 468.554 kr. vegna útgáfu *Childhood, Youth and Upbringing*.

Fjárhagsyfirlit Sagnfræðistofnunar H.Í. árið 2020

		Staða við árslok 2019	Staða við árslok 2020
139204	139204 Sagnfræðistofnun	6.660.568	4.826.407
139562	139562 Útgáfa	-3.196.636	-1.909.690
	139540 Ráðstefnur Sagnfræðistofnunar	0	
	Alls staða stofnunar	3.463.932	2.916.717
139409	139409 Scandinavian Journal of History	2.864.426	2.747.863
139540		6.328.358	5.664.580

Rekstur árið 2020

SAGNFRÆÐISTOFNUN 139204

	Tekjur	Gjöld
Frá Hugvísindastofnun og önnur framlög		
Fjárveiting	1.764.993	
Að auki rann hluti fjárveitingar til Rannsóknastofu í fornleifafræði		
Styrkur frá Vinnumálastofnun v/starfsmanns	745.608	372.804
Styrkur frá RannHug v/Collett 2019	125.000	
Styrkur frá RannHug v/NAFHA 2019	210.000	
Málræktarsjóður - eftirstöðvar af styrk	200.000	
Greitt inn á útgáfureikning		2.000.000
Alls fjárveiting og styrkir	3.045.601	2.372.804

Stjórn / almennur rekstur

Reikningar frá Reiknistofnun - sími		12.000
Reikningar frá Reiknistofnun - tölvuþjónusta		49.800
Vinna við Iðorðasafn		250.000
Laun og launatengd gjöld - Þórhildur Helgudóttir	581.028	1.162.055
Laun og launatengd gjöld - Georg Gylfason og smælki v/fyrri ára		162.358
Keypt tímarit og bækur		4.880
Alls stjórn / almennur rekstur	581.028	1.641.093

Málþing og skyld starfsemi

Farmiði - Collett (október 2019)		46.893
Málþing og skyld starfsemi alls	0	46.893

Veittir styrkir

Lénið Ísland		200.000
Styrkur v/Sögubings 2021		700.000
Kristjana Kristinsdóttir		50.000
Viðar Pálsson		50.000
Sverrir Jakobsson		50.000
Guðmundur Jónsson		50.000
Valur Ingimundarson		50.000
Erla Hulda Halldórsdóttir		50.000
Ragnheiður Kristjánsdóttir		50.000
Steinunn Kristjánsdóttir		50.000
Már Jónsson		50.000
Sigurður Gylfi Magnússon		50.000
Alls styrkir		1.400.000

ALLS Sagnfræðistofnun (139204)

Gjöld umfram tekjur **1.834.161**

ÚTGÁFA - 139562

Historical Account - kosnaður við nafnaskrá færður á bók hjá HÚ	251.019	
Greitt til HÚ v/ Historical Account		683.556
Styrkur frá verslunarsöguverkefni til útg. bókar Marie Simon Thomas	338.037	
Styrkur frá MÍB frá 2015 v/Af hverju strái (kom inn og færður til HÚ)	400.000	400.000
Styrkur v/Sterbúsins férnir færður á bókina (HÚ)		300.000
Styrkur frá MÍB v/Onze Íslandsvaarders (RIKissjóður - ómerkt)	200.000	
Greitt til HÚ v/Childhood, Youth		468.554
Yfirlestur á handriti Leos Ingasonar (Heimir F. Viðarsson)		50.000
Lagt inn frá aðalnúmeri Sagnfræðistofnunar	2.000.000	
ALLS útgáfa (139562)	3.189.056	1.902.110
Tekjur umfram gjöld	1.286.946	

Scandinavian Journal of History - 139409

INFORMA UK		
Ferðakostnaður		
Árgjald Scandinavian Journal		116.563
Bankakostnaður		
ALLS Scand. Journal		116.563